

**Ed.**

**498. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir fengið til viðtals formann kvenfjelagsins »Hringsins« og fengið þær upplýsingar um málið, að fjelagið ætlar að byggja í Kópavogi hressingarhæli fyrir 10—20 berklaveika menn, helst þó þá, sem eru í afturbata og meira eða minna geta þolað ljetta vinnu. Fjelagið ætlar að standast bæði byggingarkostnaðinn og rekstur hælisins án þess að leita styrks hjá landssjóði. Hjer er því um einkafyrirtæki að ræða, sem ekki ætlast til styrks af opinberu fje. Nefndin leggur því til, að fjelagið fái jörðina Kópavog til ábúðar í þessu skyni, þegar ábúendaskifti verða næst. Einn nefndarmanna (J. J.) lætur þess sjerstaklega getið, að hann telur staðinn óheppilega valinn, vegna flestra staðhátta, og óttast, að dvöl þar verði sjúklingum af þeim ástæðum dýrari heldur en vera þyrfti, ef jörðin hefði haft meiri kosti til að bera.

Þar sem nú »Hringurinn« ætlar að láta hæli sitt vera algert einkafyrirtæki, gat breytingartillagan á þskj. 428 naumlega átt við. En nefndin hefir

komið sjer saman um að bera þá tillögu fram sjálfstæða til samþykta, með því að bersýnilegt er, að svo framarlega sem ríkið á framvegis að hafa hinn mikla kostnað af berklasjúkum mönnum, verður ekki hægt að komast hjá því að sinna líka á viðeigandi hátt fólki, sem komið er af berklahæli, en ekki fullkomlega vinnufært, og á hvergi stað, þar sem það getur leitað hælis.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason,  
form. og frsm.

Jónas Jónsson,  
fundaskrifari.

Sig. Eggerz.